



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Hörðuvallaskóli Kópavogi

Nafn verkefnis:

Það er gaman í stærðfræði. Gildi fjölbreyttra kennsluháttar í verkefnamiðuðu teymisnámi.

Verkefnistjóri:

Kristín G. Friðbjörnsdóttir, deildastjóri stoðþjónustu/sérkennari

Umsókn númer: 137, 2021 - 2022

Markmið verkefnis:

Markmiðið var að búa til skapandi námsumhverfi til stærðfræðináms innan námshópa í verkefnamiðaðri teymiskennslu. Markmiðið var að efla umsjónarkennara við að styðja betur við nám nemenda með mismunandi þarfir. Markmiðið var einnig að innleiða kennsluhætti sem styðja við stærðfræðinám sem skilar árangri samkvæmt rannsóknum, s.s. með markvissum innlögnum, umræðum, samvinnu, fjölbreyttum verkefnum og hlutbundinni kennslu. Þá var markmiðið að efla skilning og leiðni nemenda í stærðfræði um leið að efla trú þeirra á eigin getu og jákvæðni gagnvart greininni.

Leiðir að markmiði:

Nemendur og kennrarar í fyrsta árgangi voru valdir í verkefnið vegna áhuga þeirra á að reyna nýjar leiðir í kennslu. Umsjónarkennararnir fjórir og tveir sérkennrarar komu að verkefninu. Skipulagðir tímar voru 5x í viku.

Í upphafi var verkefnið vel skilgreint og fyrstu skrefin ákveðin. Samráðs- og skipulagsfundir voru vikulega þegar ekki voru C-19 takmarkanir. Teymisstjóri og teymismeðlimir voru mjög virkir í allri hugmyndavinnu og samvinnan gekk mjög vel.

Þar sem við fengum auka sérkennara að verkefninu var hægt að skipta nemendum í smærri hópa sem auðveldaði einstaklingsmiðaða kennslu.

Námið var sett upp í mislangar lotur, allt eftir hvert viðfangsefnið var. Unnið var út frá hæfniviðmiðum/efnisþáttum þar sem hefðbundnar námsbækur voru aðeins til stuðnings. Leikir, spil og önnur hlutbundin kennslugögn voru rauði þráðurinn í gegnum allt verkefnið og fór kennslan fram bæði úti og inni. Mikið var unnið hugtök og tungumál stærðfræðinnar.

Frávik frá áætlun:

Þar sem úthlutaður styrkur var töluvert lægri en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir þurfti að skala verkefnið niður. Kostnaðarliðurinn, sérfræðibjónusta var ekki nýtt. Þess í stað var jafningjafræðsla og stuðningur innan teymisins nýttur eins og kostur var. Ekki var búið til eiginlegt fræðsluefni fyrir umsjónarkennara eins og gert var ráð fyrir í áætlun af sömu ástæðu og nefnd er hér að ofan.

Helstu hindranir:

Helstu hindranir við framkvæmd verkefnisins snéru að C-19. Um nokkurra vikna skeið vantaði marga í skólann, bæði nemendur og starfsfólk. Einnig höfðu skiptingar í sóttvarnarhólf töluverð áhrif en reynt var að útfæra verkefnið eftir aðstæðum hverju sinni.

Nokkuð var um vinnu með ipada og var það ákveðin hindrun að tveir og tveir nemendur þurftu að deila tæki. Tekið var inn nýtt íslenskt efni Evolytes (kennslubækur og app) í kennsluna og þurfti nokkuð oft að skrá nemendur aftur inn í kerfið sem tók mikilvægan tíma frá kennslunni.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnivinnu:

Kennararnir segja að þeir hefðu þurft að endurhugsa kennsluna sem gat verið krefjandi en um leið fengu þeir fleiri verkfæri til að vinna með og aukið sjálfstraust. Þá eru kennararnir sammála um að verkefnið hafi kveikt áhuga hjá mörgum nemendum sem voru ekki að fullu tilbúnir að hefja nám í grunnskóla. Þannig myndaðist góð brú á milli skólastiga.

Þá skapaðist mikil og jákvæð samvinna milli nemenda annars vegar og kennara hins vegar.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: - Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Já, tvímælalaust. Mjög góður grunnur fyrir áframhaldandi vinnu með svipuðu fyrirkomulagi.

Niðurstöður verkefnisins:

Lagt var upp með verkefnamiðaða teymiskennslu sem gekk eftir. Unnið var út frá hæfniviðmiðum og viðmiði um árangur en ekki námsbókum. Kennrarar tala um aukið sjálfstraust til að fara nýjar og fjölbreyttar leiðir við stærðfræðikennsluna sem yfirfærist einnig á aðra kennslu. Þeim gekk betur en venjulega að mæta og styðja við nám nemenda með fjölbreyttar þarfir. Skilningur, jákvæði, leikni og trú á eigin getu hafi verið ráðandi í nemendahópnum.

Stefnt er að halda verkefninu áfram næsta skólaár með sömu markmiðum en breyttu skipulagi. Þá er stefnt að sérstakri kynningu fyrir kennara verðandi fyrsta bekkjar og stuðning við þá til að feta sömu eða svipaða braut.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Skýrsla til Sprotasjóðs. Kynning fyrir foreldra. Kynning á verkefninu til annarra kennara skólans í byrjun næsta skólaárs 2022 – 2023.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um:

Styrkveiting Sprotasjóðs var mikilvæg í þessu þróunarverkefni, án þess hefði verkefnið ekki farið af stað, sérstaklega vegna C-19 og þeirra takmarkana sem það skapaði. Kærar þakkir.

Dagsetning: 16. 6. 2022

Undirskrift verkefnisstjóra:

Kristín G. Fríðjónsdóttir

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla:

Fórum Jónassdóttir

Sundurliðaður kostnaður með umsókn 137, 2021 – 2022

Skýring kostnaðar	Gjöld	Tekjur
Kennslugögn	650.000	
Laun	1.996.000	
Annar kostnaður	436.000	
Styrkur frá Sprotasjóði		1.600.000
Fjármagn frá skóla		
Alls:	2.882.000	2.882.000